


## Ástand verðmerkinga á Akureyri

Neytendastofa hefur gert könnun á ástandi verðmerkinga á Akureyri. Skoðaðar voru matvöruverslanir, bakarí, og sérvöruverslanir.


Farið var í átta matvöruverslanir á svæðinu. Valdar voru 25 vörur af handahófi í hverri verslun, kannað hvort þær væru verðmerktar og hvort verðmerking á hillu væri í samræmi við verð í kassa. Engin matvöruverslun var með allt rétt merkt. Alls voru skoðaðar 200 vörur og voru verðmerkingar af 17% þeirra í ólagi.




Farið var í fimm bakarí og kannaðar merkingar í kæli annars vegar og borði hins vegar. Í öllum Kristjánsbakaríum voru verðmerkingar í góðu lagi en í öðrum bakaríum var verðmerkingum ábótavant.

Verðmerkingar voru kannaðar í 74 sérvöruverslanir bæði inni í verslunum og í sýningargluggum. Almennt var ástand verðmerkinga í verslunum gott en mikið vantaði upp á verðmerkingar í sýningargluggum. Í 36 verslunum voru ekki gerðar athugasemdir við verðmerkingar. Þar af voru 25 verslanir án sýningarglugga.

### Verðmerkingar í sýningarglugga Sérvöruverslanir á Akureyri September 2008



### Verðmerkingar í verslun Sérvöruverslanir á Akureyri September 2008



Aðilum sem Neytendastofa telur ástæðu til að gera athugasemdir við vegna ástand verðmerkinga verður sent bréf frá stofnuninni og gefinn kostur á að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Könnuninni verður fylgt eftir og ef þurfa þykir teknar ákvarðanir um hugsanleg viðurlög vegna slæms ástands verðmerkinga.

Neytendastofa hyggst halda verðmerkingareftirliti sínu áfram og kanna verðmerkingar á öðrum svæðum á landinu.

Ábendingum vegna rangra eða ófullnægjandi verðmerkinga má koma til neytendastofa í gegnum rafræna Neytendastofu á vefslóðinni [rafraen.neytendastofa.is](http://rafraen.neytendastofa.is).